

15. apríl 2008

Til stjórnar DÍ
c/o Sif Traustadóttir

Málefni: Breyting á lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr

Þar sem við höfum fregnað að stjórn DÍ sé boðuð á fund sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar á morgun, 16. apríl, förum við þess á leit að fulltrúar stjórnar komi eftirfarandi athugasemdum á framfæri ef þess gefst nokkur kostur:

Við undirrituð sérgreinadýralæknar hjá Matvælastofnun (MAST) mótmælum fyrirbyggjandi breytingum á 14. gr. laga nr. 66/1998 *um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr*, eins og fram kemur í 38. gr. þingskjals nr. 825 (svokölluðum bandormi).

Í frumvarpinu er lagt til að þeirri nýjung verði komið á að sérgreinadýralæknar skulu ráðnir án þess að tilgreina sérstaklega á hvaða sérsviði þeir starfa, eða eins og segir í greinargerð: *„Í stað þess að tilgreina á hvaða sérsviði viðkomandi dýralæknar starfa er nú lagt til að Matvælastofnun ráði sérgreinadýralækna og hafi tækifæri til breytinga á verkaskiptingu milli þeirra.“* Í ljósi þessarar nýbreytni sjáum við okkur knúin til að mótmæla kröftuglega niðurlagi síðustu setningar 14. gr., sem hljóðar: *„Sérgreinadýralæknum er óheimilt að stunda ráðgjöf og almennar dýralækningar á sínu sérsviði og á öðrum sviðum þar sem Matvælastofnun sinnir opinberu eftirliti.“*

Með nýrri áherslu í ráðningu sérgreinadýralækna, eins og lýst er hér að ofan, gefur augaleið að þeir eru skuldbundnir til að taka að sér eftirlitsstörf á öllum sviðum MAST. Með þessum orðum má segja að sérgreinadýralæknar séu með öllu dæmdir úr leik hvað varðar almenn störf dýralækna á hvaða sviði sem er. Það hlýtur að orka tvímælis, jafnvel skýrt brot á rétti hvers einstaklings, að hægt skuli vera að taka þann rétt af dýralækni án þess að bæta upp með einhvers konar helgunarálagi á laun.

Virðingarfyllst;

Gísli Jónsson
Hrund Lárusdóttir
Björn Steinbjörnsson
Sigríður Björnsdóttir